

# JAFNLAUNASTEFNA

## Tilgangur og markmið

Markmið jafnlaunastefnunnar er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Jafnlaunastjórnunarkerfið byggir á ÍST 85 staðlinum og er ætlað að tryggja að ákvörðun í launamálum byggi á verðmæti starfa og feli ekki í sér kyndbundinn launamun.

## Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að jafnlaunastjórnunarkerfi sé til staðar og standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Framkvæmdastjórn er ábyrg fyrir innleiðingu, viðhaldi, eftirliti, viðbrögðum og stöðugum umbótum jafnlaunastjórnunarkerfis í samræmi við ÍST 85.

Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks Fastus og er jafnframt launastefna fyrirtækisins.

## Skuldbinding

Með stefnu þessari skuldbindur Fastus sig til að:

- innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85 með tilheyrandi rýni, skjalfestingu og skuldbindingum um stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð
- fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum er varða jafnlaunakerfið, þar með talið lögum nr. 150/2020 um jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna
- setja skal fram og rýna jafnlaunamarkmið árlega í rýni stjórnenda
- árlega fari fram launagreining, innri úttekt og rýni stjórnenda
- niðurstöður launagreiningar séu kynntar starfsfólki
- Jafnlaunastefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu félagsins og kynnt öllu starfsfólki Fastus

## Endurskoðun

Framkvæmdastjórn endurskoðar stefnu þessa einu sinni á ári.